



FUNDARGERÐ

45. fundur Odda bs

haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 15. janúar 2026
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2025 - 2503077

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-desember 2025.

2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit 2026 - 2601004

Á fundinn mæta Kristinn Ingi Guðnason aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Hellu, Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri Laugalandsskóla og Ragna Magnúsdóttir, aðstoðarskólastjóri Laugalandsskóla og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum. Upplýst var að skólastjóri Grunnskólans á Hellu verður í leyfi út þetta skólaár.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

3. Grunnskólinn Hellu. Endurskoðun starfsáætlunar - 2601005

Á fundinn mætir Þorsteinn Sæberg og leggur fram og fer yfir drög að endurskoðaðri starfsáætlun Grunnskólans á Hellu. Næstu skref er að kynna drögin fyrir foreldrum.

Stjórn Odda bs. þakkar Þorsteini fyrir góða vinnu.

Málið lagt fram til kynningar og verður tekið aftur fyrir á næsta stjórnarfundum Odda bs.

4. Skólamál Meðferðarheimilisins Lækjarbakka - 2504060

Lögð fram endurskoðuð drög að samningi frá BOFS við Odda bs um skólabjónustu Grunnskólans á Hellu fyrir skjólstaðinga Meðferðarheimilisins Lækjarbakka í Gunnarsholti.

Stjórn Odda felur framkvæmdastjóra að senda uppfærð drög að samningi til BOFS. Stefnit er að því að ljúka málinu á næsta fundi Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'MHG', 'JG', and 'RW']

5. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Samræmdar dagsetningar umsókna í grunnskóla - 2512002

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinnur að innleiðingu á Nemendagrunni, sem er miðlægur gagnagrunnur sem heldur utan um samræmda skráningu barna á skólaskyldualdri í grunnskóla fyrir landið allt. Óskað er eftir því að sveitarfélögin samþykki öll sem eitt sameiginlegt tímabil fyrir innritun og umsóknir í grunnskóla vorið 2026.

Stjórn Odda bs. leggur til að tekið verði upp sameiginlegt tímabil fyrir inntitun og umsóknir í grunnskóla.

Samþykkt samhljóða.

6. Samband íslenskra sveitarfélaga. Reiknilíkön í leik- og grunnskóla - 2512100

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra Sveitarfélaga um möguleika á því að kaupa leyfi fyrir sameiginleg innkaup á notendaleyfum að reiknilíkani fyrir leik- og grunnskóla.

Stjórn Odda bs. finnst útfærslan áhugaverð en sér ekki kost á að taka þátt í verkefninu að svo stöddu. Lagt til að málið verði skoðað aftur næsta haust.

Samþykkt samhljóða.

7. Rekstrarkostnaður Grunnskóla 2024 - 2512073

Farið var yfir samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga um rekstrarkostnað grunnskóla á Íslandi á árinu 2024. Þar kemur fram að nettórekstrarkostnaður án innri leigu og áhrifa skólaaksturs á nemanda í Grunnskólanum á Hellu er kr. 2.856.228, (2023 kr. 2.646.623) og Laugalandsskóla kr. 3.529.937, (2023 kr. 2.754.623).

Lagt fram til kynningar.

8. Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags - Árborg - 2512039

Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

9. Skóladagatöl 2025-2026 - 2503079

Bókun D-lista Rangárþings ytra.

Lagt fram til kynningar.


Stjórn Odda ákveður að reglulegir fundir stjórnar Odda bs. verði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 8:15.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:20.

[Handwritten signatures and initials]


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson





